



Verklagsreglur vegna úthlutunar framlaga vegna aðgerðar B.7. Óstaðbundin störf

1. Inngangur

Framlög vegna óstaðbundinna starfa til ríkisstofnana byggja á aðgerð B.7. Óstaðbundin í störfí þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. I frétt þann 10. október 2024 á heimasiðu stjórnarráðsins er tiltekið með hvaða hætti slíkum stuðningi verði úthlutað sem og að Byggðastofnun muni annast umsjón með úthlutun styrkja og gerð samninga. Verklagsreglum þessum er ætlað að skapa nauðsynlegan ramma stofnunarinnar um það verkefni hennar.

2. Markmið

Markmið með aðgerðinni, B.7 Óstaðbundin störf, er að búsetufrelsi verði efti með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa í landsbyggðunum. Aðgerðinni er ætlað hækka hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins í landsbyggðunum og styrkja þannig búsetu í byggðum landsins.

3. Styrkhæfir aðilar og styrkhæfur kostnaður

Ríkisstofnanir sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu þ.e. í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnaresi og Kjósarhreppi geta sótt um styrk vegna starfa sem ráðið verður í utan þess svæðis og starfa sem flutt verða af höfuðborgarsvæðinu. Styrkjunum er ætlað að koma til móts við ferðakostnað starfsmanna og leigu á aðstöðu í vinnustaðaklösum. Aðgerðin felur ekki í sér flutning starfa út fyrir landsteinana, né heldur flutning starfa af landsbyggðunum á höfuðborgarsvæðið.

4. Hámarksstuðningur

Heildarámarksstuðningur við hvert starf getur numið allt að tveimur milljónum króna á ári. Styrkurinn skiptist í ferðakostnað vegna viðveru í höfuðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og kostnaðar vegna leigu á starfsaðstöðu í vinnustaðaklasa í landsbyggðunum. Hámarksstyrkur vegna starfsaðstöðu getur mest numið 600.000 kr. á ári. Ekki er greiddur styrkur vegna leigu á starfsaðstöðu á heimili starfsfólks. Ekki verða veittir styrkir vegna tímabundinnar fjarvinnu eða blendingsstarfs, þ.e. starfs sem unnið er bæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins.



Byggðastofnun getur kallað eftir frekari upplýsingum vegna umsókna og fundað með umsækjendum ef þurfa þykir.

Öllum umsóknum verður svarað og þess er gætt að allar umsóknir hljóti meðferð í samræmi við góða stjórnsýsluhætti og málefnalegt gegnsæi.

7. Samningar

Byggðastofnun gerir skriflegan samning við umsækjendur á grundvelli umsókna þeirra. Í samningunum skulu koma fram að lágmarki samningsupphæðir og dagsetningar greiðslna. Samningar skulu undirritaðir af forstjóra Byggðastofnunar eða forstöðumanni þróunarsviðs og forsvarsmanni þeirrar ríkisstofnunar sem sækir um styrk, eftir atvikum með rafrænum hætti. Heimilt er að gera samning vegna starfs til allt að þriggja ára.

8. Umsýsla og eftirlit

Byggðastofnun fer með umsýslu og eftirlit með samningum. Ríkisstofnun sem hlotið hefur styrk skv. reglum þessum skal árlega senda Byggðastofnun skriflega staðfestingu á að viðkomandi starfsmaður sé við störf á umsaminni starfsstöð.

9. Lok samnings

Gildistími skal ákveðinn í hverjum samningi og lýkur samningi á umsöndum tíma án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar frá aðilum.

Komi til þess að þær breytingar verði á högum starfsmanns, sem styrkurinn snýr að, eða ríkisstofnunarinnar, skal ríkisstofnunin tilkynna Byggðastofnun um þær breytingar eins skjótt og auðið er.

Sauðárkróki 11. nóvember 2024

Arnar Már Elíasson, forstjóri